# Stjórnarfundur AKÍS -

**Staður og tími:** Google Hangouts - 19.6.2018 kl. 18:00

**Mætt:**
Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA),  Ragnar Róbertsson (RR)

**Fjarverandi:**
Arnar Már Pálmarsson (AMP), Torfi Arnarson (TA), Garðar Gunnarsson (GG)

ÞA ritaði fundargerð.

---

1. **Öryggisnámskeið í samstarfi við NBF (norska akstursíþróttasambandið)**
   NBF svarar í vikunni.

2. **Dómaranámskeið í torfæru**
   Ekki hafa margir skráð sig á námskeið sem sett hafa verið upp á netinu ennþá. Rætt um lágmarksfjölda til að hægt sé að halda námskeið.  Gott væri að fá upplýsingar um umfang efnis eða kaflafyrirsagnir.
   Skoðað þegar skráningu lýkur næstkomandi föstudag.

3. **Aðgerðaráætlun Akstursíþróttasambands Íslands vegna kynbundins og/eða andlegs ofbeldis**
   Lögð fram drög.  Samþykkt að fara yfir orðalag áður en þetta verður sent lengra.

4. **Beiðni um endurskipan í dómnefnd Orkuralls**
   Samþykkt að beina því til þeirra sem skipaðir voru í dómnefnd að ljúka því verki sem þeir tóku að sér.

5. **Slys í buggy akstri á bíladögum**
   Slys varð í buggy keppni á bíladögum í síðustu viku.  Það er spurning hvort AKÍS þurfi að skoða reglur fyrir þennan keppnisflokk.  Þær þjóðir sem eru hvað mest að keppa á þessum tækjum eru USA, Kanada, Ástralía, Bretland og Frakkland, sem við vitum um.
   Ljóst er að það þarf að loka hurðargati betur með neti. Einnig þarf að athuga með keppnisöryggisbelti.
   Formaður leggur til að RR, TMÞ, SÖS og TA myndi hóp sem skoði þetta og komi með tillögur að keppnisreglum fyrir þennan flokk.

6. **Önnur mál**
   **Mótakerfi AKÍS -** Nokkur vandamál komu upp hjá keppendum sem skráðu sig til keppni hjá BA.
   **Félagaskiptagluggi** - Ákveða þarf betur með félagaskiptagluggann, þar sem ísakstur var núna óvænt í upphafi árs. Skýra þetta betur í keppnisreglum og mótakerfinu. Taka þarf ákvörðun um þetta á næsta stjórnarfundi.
   **Námskeiðahald keppnisráða -** Æskilegt að senda á stjórn þegar halda á námskeið. Fylgi kostnaður fyrir AKÍS þarf að leita samþykkis stjórnar.

7. **Næsti fundur**
   Hangouts 3. júlí 2018 kl. 18:00